

Samantekt á niðurstöðum skólamenningarfunda

Yngsta stig

1.bekkur

Besta við skólann að mati nemenda er að það er hægt að opna á milli stofanna og það sé stundum dótadagur. Þeim finnst gaman að læra og leika. Ánægja er með list og verkgreinar, uppbrot og frjálsa tíma. Þeim finnst maturinn góður. Þá kemur fram að það sé gott að vera í frístund.

Til að gera skólann enn betri myndu nemendur vilja fá meira dót, annan grasvöll, heyrnatól og fleiri fótbolta og fá að leika sér enn meira. Einnig myndu þeir vilja að nemendur myndu ekki skemma fyrir öðrum, meiða né stríða. Nemendur myndu einnig vilja gera huggulegra í kringum sig, t.d. með blómum. Einhverjum finnst skóladagurinn langur þegar þeir fara líka í frístund og sakna þá foreldra sinna.

Þegar nemendur sjá að einhver er einn eða á fáa vini reyna þeir að bjóða þeim fallega að leika, nota táknmál ef þeir skilja ekki íslensku. Fram kemur að það sé mikilvægt að vera vinir og vera friðsæl, hugga ef þar, leika saman og ekki skilja útundan.

Nemendur í 1.bekk verða stundum varir við að aðrir nemendur eru að meiða og stríða og reyna þá að segja kennara frá eða láta foreldra vita. Einhverjir myndu reyna að segja stopp við þann sem er að stríða.

Til þess að verða enn betri vinir og eiga í góðum samskiptum í skólanum leggja nemendur til að þeir kynnist betur og tali saman, leiki allir saman og leyfi öllum að vera með. Einnig leggja þeir til að nemendur hætti að rífast og fari eftir skólareglum.

2.bekkur

Það besta við Álfhólsskóla að mati nemenda í 2.bekk er að þar eiga þeir góða vini, list- og verkgreinar eru frábærar, gaman í frímínútum, Evolytes og stærðfræði er skemmtilegt og gaman að fá að fara í GG. Nemendur segja frá því að þeim finnst gaman að leika sér og spila og maturinn í skólanum sé mjög góður. Nemendur eru ánægðir með íþróttirnar, sérstaklega þegar það er stöðvavinna og handbolti.

Til að gera skólann enn betri væri gott að gefa öllum fleiri tækifæri til að segja skoðanir sínar. Stundum kemst maður ekki að eða þarf að bíða mjög lengi og þá er ekki hlustað á mann. Nemendur myndu vilja skreyta skólann meira með jólatrám og ljósum, fá sætindi, nýja rennibraut og kastala og fara oftari í íþróttir og sund. Einhverjir myndu vilja hafa betri vinnufrið í kennslustundum. Nemendur myndu vilja fá meira dót, skiptast á með dótið í ólíkum stofum eða jafnvel fá að prófa að fara í aðrar stofur að leika með dótið á milli árganga. Nemendur ræða að einhverjir séu að hrekkja á klósettunum með að slökkva ljósin og kíkja undir básana, það sé mikilvægt að stoppa það. Þeir vilja fiskabúr með alvöru fiskum og meiri útiveru.

Nemendur segja frá einhverjum sem eru vinalausir eða oft einir og velta því fyrir sér hvort það sé vegna þess að þeir kunni ekki íslensku. Þegar þeir sjá einhvern einan segjast sumir nemendur ekki hugsa mikið um það og leika bara við sína vini. Aðrir segja að þeir reyni að kynnast þeim og bjóði þeim að vera með og kynni þá fyrir vinum sínum.

Nemendur segja frá einhverjum sem eru vondir við aðra eða stríða. Þeir velta upp ýmsum ástæðum fyrir því, sumir hafi ekki stjórn á sér eða eigi eftir að læra reglurnar. Þegar þetta gerist segja þeir frá og reyna að hjálpa þeim sem lendir í vanda en sumir berjast og meiða á móti. Einhverjir velta því jafnvel fyrir sér hvort sum samskipti gætu flokkað sem einelti. Fram kemur að það sé nauðsynlegt að hugga og hjálpa, vera góð við hvort annað og tala fallega. Verja vini sína og vinkonur.

Til að verða betri vinir og eiga góð samskipti í skólanum gætu nemendur staðið með þeim sem er verið að meiða, tala við kennara eða sagt stopp. Þeir gætu hjálpast meira að og sem dæmi gefið með sér af nestinu sínu ef einhver er ekki með nesti. Þeir ræða að þeir geti reynt að tala meira við þá sem tala ekki íslensku, kannski á ensku því þeir skilji hana margir, knúsa, hjálpa öðrum að finna kennara o.fl.

Einn nemanda hafði áhyggjur af því hvort aðrir nemendur með ADHD fengju viðeigandi aðstoð, það þurfi að sinna þeim vel og vera með þeim. Annar nemandi hafði það eftir pabba sínum að það væri best að lemja nemendur sem meiða á móti svo þeir þori ekki að lemja mann. Fleiri nemendur tala um að þeir lemji á móti þá sem meiða. Fram kemur að það séu oft árekstrar á fótboltanum, margir ósammála og verið að meiða. Einn hópur talar um að það væri gott að hafa fleiri svona fundi.

3.bekkur

Það besta við skólann okkar að mati nemenda eru ípad, íþróttir, list- og verkgreinar, uppbrotsdagar, frír matur, jólamatur og legoið. Nemendur hafa orð á því að aðgengi fyrir hjólastóla sé gott í skólanum og þykir það ánægjulegt. Þeir eru ánægðir með kennarana sína og ÖSE fulltrúaráðið. Einnig kemur fram ánægja með spjaldtölvuverkefnið í Kópavogi.

Til að gera skólann enn betri myndu nemendur vilja fá stærri skólalóð með fleiri rólum, annan kastala með rennibraut, æfingasvæði, klifurvegg, aparólu og ýmis fjölbreytt leiktæki. Þeir vilja fá að fara oftari í handbolta í íþróttum og í tennis. Þeir vilja hafa fleiri val tíma og fleiri íþróttatíma. Pizzur og hamborgara í matinn og ís í eftirrétt við hátíðleg tilefni. Þeir vilja fara oftari í

gönguferðir og fleiri frímínútur. Það kemur fram að það væri gaman að hafa meira val, oftar vinnu í spjaldtölvum, meira dót og meira jólastkraut í skólanum. Einhverjir myndu vilja byrja seinna í skólanum á daginn. Þá kemur fram í nokkrum hópum að það þurfi meiri mat í frístund.

Nemendur segja frá því að 4.bekkur sé oft að stríða og vera leiðinlegur við 3.bekkinga. Þegar þau verða fyrir þessu eða vitni að slíku segja þau kennara eða reyna að stoppa viðkomandi.

Nemendur kalla eftir reglum í kringum snjóstríð. Þeir vilja að það sé hægt að fara í snjóstríð á ákveðnu svæði með ákveðnum reglum, t.d. Að það sé bannað að kasta grjóthörðum bolta/klaka. Einnig leggja þau til að gæsla sé aukinn fyrst þegar snjórinn kemur og það þurfi að vera vakt í brekkunni þar sem þau eru að renna sér í snjónum. Þá myndu nemendur vilja fá lengri tíma til að klæða sig í útifötin í frímínútum þegar veður er vont svo þau missi ekki af dýrmætum leiktíma.

Nemendur nefna nokkra sem eru vinalausir eða oft einir. Þeir segja að þeir gætu verið duglegri að spyrja þá hvað er að eða hvort þeir vilji leika, þeir taki ekki alltaf eftir því hverjir eru einir ef þeir eru sjálfir á kafi í leik. Stundum séu einhverjir einir því þeir séu í fýlu og vilja ekki vera með í því sem hinir eru að gera.

Til þess að efla vináttuna og gera samskiptin betri í skólanum leggja nemendur til að þeir leiki sér oftar saman og kynnist betur. Þeir geti líka boðið nýjum að leika eftir skóla.

Nemendur nefna einnig nokkra sem eru oft að stríða eða vondir við aðra. Þá segja þeir starfsmanni frá, hlaupa úr aðstæðum og reyna að hunsa þetta eða segja þeim að hætta. Þeir segja mikilvægt að taka ekki þátt í að stríða og láta vita þegar eitthvað gerist. Einhverjum finnst stríðnin jafnvel ganga svo langt að hún sé orðin einelti, það sé samt erfitt að hjálpa viðkomandi því hann hlusti ekki og meiði bara.

Til að efla vináttu og góð samskipti í skólanum leggja nemendur til að nemendur leiki allir saman og hjálpist að. Einnig kemur fram að það sé mikilvægt að það má setja mörk og segja nei. Þeir leggja til að gera skilti með hvetjandi slagorðum um jákvæð samskipti, gera samkeppni og hafa verðlaun fyrir besta slagorðið, t.d. Pizzaveislu fyrir bekkinn.

Nemendur segja mikilvægt að auka gæslu í frímínútum. Þeir sem séu í gæslu núna skipti sér ekki af börnunum, standi í hnapp að spjalla. Jafnvel þótt börnin gráti eða meiði sig. Þetta eigi við á skólatíma í frímínútum og útiveru í frístund. Stundum sé erfitt að finna starfsmann, tala sérstaklega um frístund í þessu samhengi. Nemendum finnst mikilvægt að stjórnendur velji starfsfólk vel, einstaklinga sem sé umhugað um börn og bregðast við ef eitthvað bjátar á.

4.bekkur

Það sem nemendum finnst best við Álfhólsskóla er að þar eru góðir kennarar. Nemendur eru ánægðir með skólalóðina og frímínúturnar. Þeim finnst gott að fá að hitta vini sína og nýta spjaldtölvu í námi og leik. Þeim finnst gaman að læra nýja hluti og eru ánægðir með

uppbrotsdaga eins og dag vináttunnar og bangsaday. Þá kemur einnig fram ánægja með skapandi vinnu eins og föndur.

Til að gera skólann enn betri myndu þeir vilja meira val, oftar list- og verkgreinar, bæta við leiklistarkennslu og fleiri bekkjarfundi. Þeir vilja enn fjölbreyttari leiktæki á skólalóðina, stærra íþróttahús og fá oftar að spila á fótboltavellinum. Einhverjir vildu hafa 5.bekk í Digranesi og fleiri skemmtanir og uppbrot tengdar hátíðardögum. Rætt var um þörf á fleiri hjólagrindum.

Nemendur taka eftir einhverjum nemendum sem eru oft einir eða vinalausir. Þegar það kemur upp reyna þeir að bjóða viðkomandi að vera með eða láta kennara vita. Sumir fara og spyrja viðkomandi hvort þeim líði illa.

Nemendur nefna einhverja nemendur sem þeir eru hræddir við og/eða eru vondir við aðra. Þegar það kemur upp reyna þeir að kalla eftir aðstoð eða hugga þann sem líður illa og reyna að gleðja hann. Einhverjir nefna að sumir haldi áfram þrátt fyrir að kennari ræði við þá. Sumir hlaupa burt og fela sig þegar þeim er strítt. Nemendur velja því upp hvort sumir komi illa fram við aðra því þeim líði sjálfum illa, þeir séu að reyna að sýna sig og að þeir geti ráðið. Einhverjir eru vondir til að verja sig að mati nemenda..

Nemendur í 4.bekk verða ekki varir við einelti í árganginum en ef svo væri þá myndu þeir ná í einhvern fullorðinn, foreldri og/eða starfsmann skólans.

Til þess að bæta samskiptin og verða enn betri vinir leggja nemendur til að allir hætti að meiða og stríða og bjóði þeim sem eru einir oftar að vera með. Leika meira saman og ekki baktala hvort annað. Fram kemur að nemendum finnst ekki nóg að kennarar segi þeim hvað þeir eigi að gera og/eða ekki gera, þeir þurfi að læra að gera það af sjálfsdáðum.

Nemendur vildu koma því á framfæri að þeim þætti ósanngjarnt að það giltu ekki sömu skóreglurnar um starfsfólk og nemendur, starfsfólk sé inni á skóm en nemendur ekki. Einnig hafa þeir séð starfsfólk setjast upp á borð sem nemendur megi ekki gera.

Miðstig

5.bekkur

Það besta við skólann okkar að mati nemenda er að stofurnar eru mjög góðar, borðin hrein og námsumhverfið gott. Nemendur eru ánægðir með að geta nýtt spjaldtölvur í námi og hafa aðgang að tölvum á bókasafninu. Þeir eru ánægðir með bókasafnið yfir höfuð og finnst gott að lesa þar. Einhverjir væru til í að byrja kl. 08:30 eins og unglingarnir.

Nemendurnir eru mjög ánægðir með list- og verkgreinar, sérstaklega smíði og myndmennt því það sé miklu skemmtilegra en í Digranesi. Þeir eru með ýmsar hugmyndir um hvernig mega gera skólann enn betri, t.d. fá að fara í "alvöru vísindatíma", hafa útrásarherbergi, fleiri leiksvæði, kósýherbergi, skemmtiherbergi o.fl.

Nemendum hafa mjög ólíkar skoðanir á fisknum, sumum finnst vera of oft fiskur í matinn og vildu að það væri þá a.m.k. oftar plockfiskur. Öðrum nemendum finnst að það mætti bjóða oftar upp á bleikan fisk, einhverjir vilja einfaldari fiskrétti og enn aðrir helst ekki fist yfir höfuð. Einnig kemur fram að það séu oft of mikil læti í matsalnum frá eldri krökkunum.

Nemendur ræddu mikið um umgengni á klósettunum, óhreinlæti og ítrekuð skemmdarverk, m.a. á læsingum. Þetta hafi þau áhrif að sumir forðist að nota klósettið á skólatíma með tilheyrandi vanlíðan.

Nemendur í árganginum eru ánægðir með kennarana sína og félagsskapinn í skólanum. Þeim finnst námsval og stuðval skemmtilegt og gott að hafa svona marga fótboltavelli. Fram kemur að ritarinn sé hjálpsöm og góð og spennandi og gaman að fá að fara í Pegasus. Þeir myndu þó vilja fá að fara enn oftari í Pegasus.

Nemendur í 5.bekk taka eftir því að sumir eru alltaf eða oft einir og þá reyna þeir að bjóða viðkomandi að vera með eða láta kennara vita, svo sé líka hægt að spyrja viðkomandi hvort það sé allt í lagi. Einnig segja þeir einhverja nemendur vera vonda við aðra og þá láti þeir kennara vita og/eða reyni að segja stopp. Nemendur ræða að það hafi komið upp einelti í árganginum og greina, þeir reyni að hjálpa með að láta vita. Þeir greina frá því að sá sem verður fyrir einelti reyni stundum að verja sig með því að beita ofbeldi á móti og stundum sé hann fyrri til. Nemendur segja að þeir vilja reyna stoppa þetta og hjálpa en eru hræddir við viðbrögð þess sem er að koma illa fram, vilja ekki að hann verði reiður eða meiði þá. Einhverjir upplifa vonleysi yfir því að þeir sem meiði "séu alltaf eins" þótt aðrir reyni að koma vel fram við þá og bjóða þeim að vera með.

Nemendur í 5.bekk eru með ýmsar hugmyndir um hvernig megi bæta samskipti í árganginum, þeir geti almennt verið kurteisari og vinalegri og komið betur fram við hvorn annan. Nemendur væru til í að það væri meira um skipulagða útileiki og hópefli. Þeir segja að þeir gætu vandað orðin sín betur og gert meira saman. Einhverjir leggja til að það verði komið á klúbbastarfi út frá áhugamálum. Þeir tala einnig um að það væri gaman að hafa meira uppbot í skólanum sem felur í sér hópefli, eins og jólaþeysudagurinn, hurðaskreytingar o.fl.

Nemendur minnst á að það verði oft troðningur í fataklefanum eftir frímínútur og að það væri gott ef stofurnar væru opnaðar aðeins fyrr beint eftir frímínútur.

Öse fulltrúar greina frá því að ÖSE ráðið hjálpi þeim að styðja við krakka, hjálpa öðrum og stöðva átök og láta fullorðna vita.

6.bekkur

Það sem nemendum í 6.bekk finnst vera gott við skólann okkar er að það er mikið uppbot frá hefðbundnum skólaþingi, t.d. með stuðvali, list- og verkgreinum, jólaþeikriti o.fl.. Einnig kemur

fram að það séu góðir félagar í skólanum og góðir kennarar. Einnig kemur fram að það sé gagnkvæm virðing milli kennara og nemenda, ánægja með bekkjarfundi og bekkjarkvöld.

Til að gera skólann betri leggja nemendur í 6.bekk til að það séu fleiri starfsmenn í gæslu og að þeir sem sinni gæslunni séu ekki í símanum. Fram kemur að það sé of mikið um skemmdarverk á eigum skólans og það þurfi að taka á því. Þeir tala um að borð og stólar mættu vera betri og meira "kósý" í skólastofunni. Einhverjir vilja lengri íþróttatíma, meira af list- og verkgreinum og sparinesti oftár. Nemendur benda á að þeir vilji fá að hafa áhrif á hvað er í matinn. Þá myndu nemendur vilja fá enn betra úrval af bókum sem henta miðstigi. Einhverjir nemendur myndu vilja vera símalaus skóli. Nemendur í 6.bekk kvarta undan að Pals sé leiðinlegt.

7.bekkur

Það sem nemendum í 7.bekk finnst best við Álfhólsskóla er að hér er barnasáttmálanum og réttindum barna gert hátt undir höfði. Þeir eru stoltir af sérdeildinni okkar og ánægðir með ísat og sérkennarana. Nemendur eru ánægðir með list- og verkgreinar, námsvalið og upplifa að reynt sé að koma til móts við þarfir þeirra í námi t.d. með aðlögun á verkefnum. Þá kemur einnig fram ánægja með hvers kyns uppbrot. Nemendur eru mjög ánægðir með fjölgun fótoltavalla.

Til þess að gera skólann betri leggja nemendur í 7.bekk til að skólinn byrji seinna á morgnanna. Einhverjir myndu vilja fá enn meiri aðstoð frá kennurum og sumir sem upplifa að kennarar geri upp á milli stúlkna og drengja svo halli á drengi. Sumir vilja enn meiri kynjaskiptingu á fótoltavellinum en aðrir ekki. Nemendur væru til í að sjá fleiri vegan valmöguleika í hádeginu og einnig í heimilisfræði. Þeir myndu vilja fá umbun þegar þeir standa sig vel og hafa oftár sparinesti. Einhverjir leggja til að það sé oftár kynjaskipt í íþróttum og sundi. Einhverjir myndu vilja fá tækifæri til að fá snarl í síðustu frímínútum dagsins. Einnig kemur fram ósk um að nemendur geti valið hvort þeir séu inni eða úti í frímínútum eða stytta frímínútur á veturnar. Einhverjir myndu vilja að það væri skólagæludýr.

Unglingastig

Nemendur á unglingastigi eru ánægðir með Pegasus og starfsfólkið þar, það sé frábær staður fyrir ungmenni til að hanga, hitta vini og kynnast nýju fólki. Pegasus sé öruggur staður þar sem allir geta verið eins og þeir eru.

Nemendur eru ánægðir með að skólinn byrji seinna á unglingastigi, kl. 08:30 en ekki 08:10 og myndu einhverjir vilja byrja enn seinna á daginn, sérstaklega á mánudögum. Þá eru nemendur einnig ánægðir með að almennt séu ekki tvöfaldir tímar heldur séu flestar kennslustundir 60 mínútur.

Nemendur ræða að þeir myndu vilja klára sundkennslu fyrr og fá fleiri íþróttatíma á móti, einnig kemur fram að það mætti vera betri matur og að skólinn bjóði upp á eftirrætt til hátíðarbragða. Einhverjir ræða að það mætti vera bitastæðari matur á föstudögum en grautur, súpa eða skyr. Þá kemur fram að þeir eru ánægðir með að hafa kost á að vera inni í frímínútum, sérstaklega í vondu veðri. Unglingarnir leggja til að sá möguleiki sé oftár til staðar fyrir yngri nemendur, sér í lagi yfir hörðustu vetrarmánuðina.

Nemendur á unglingastigi upplifa að skólinn hlusti á skoðanir þeirra. Þeir eru ánægðir með uppfærslu á unglingaráyminu og finnst aðstaðan góð þrátt fyrir að þeir myndu vilja fá nýjar gardínur. Þeir tala um að þeir myndu vilja fá pennaveski til að halda utan um námsgögnin sín. Einnig kemur fram að aðstaða til upptöku á t.d. hljóðvarpsverkefnum, sé ábótavant.

Einhverjir nemendur myndu vilja fá fleiri þemavikur og vettvangsferðir til að auka fjölbreytni í námi. Nemendur eru almennt ánægðir með framboð á vali en nemendur í 8.bekk myndu vilja fá enn fjölbreyttara val og læra betur á tölvur. Nemendur í 10.bekk leggja til að nemendur fái aukið tækifæri til að hafa áhrif á valframboð og leggja t.d. til að boðið verði upp á val í förðun, hárgreiðslu, heimanámi, fatahönnun o.fl. Þeir myndu vilja sjá eins mikið val í fleiri skólum í Kópavogi. Nemendur greina frá því að þeir séu ánægðir með BÍP og myndu vilja sjá það í fleiri skólum í Kópavogi. Þeir tala um að í BÍP sé námið skemmtilegra og frumlegra og meiri áhersla á hóp- og verklega vinnu.

Nemendum finnst jákvætt að blandast þvert á árganga í vali og segja að vináttan sé fyrir vikið góð á milli bekkja og árganga. Þeir leggja til að allir skólar í Kópavogi bjóði upp á fjölgreindarleika til að auka fjölbreytni í námi. Nemendur í 10.bekk eru ánægðir með að hafa val milli greina í list- og verkgreinum..

Nemendur eru ánægðir með allt uppbrot, t.d. Kærleikskaffihús, vinadag o.þ.h. Einnig eru þeir ánægðir með að það sé einhverfudeild í skólanum og myndu vilja sjá fleiri skóla í Kópavogi bjóða upp á sérdeildir. Þeir tala um að skólinn taki vel á móti nýjum nemendum og öllum fjölbreytileika í nemendahópnum hvort sem það eru hinsegin nemendur, flóttafólk, fatlaðir nemendur eða aðrir minnihlutahópar en þeir myndu vilja bæta aðgengi fyrir hjólastóla og telja að skólar í Kópavogi geti almennt verið miklu duglegri við að merkja með blindaletri og bæta aðgengi fyrir fatlaðra. Þá kemur ábending um að skóhillan við inngang að unglingaráyminu sé óheppilega staðsett og geri aðgengi í álmunna ábótavant, það mætti færa hana.

Nemendur ræða að þeir séu flestir ánægðir með kennara skólans og segja að heilt yfir séu góð samskipti milli nemenda. Fram kemur að nemendur telji að skólinn taki einelti mjög alvarlega og starfsmenn skólans bregðist hratt við en einhverjir myndu þó vilja að tekið væri enn betur á erfiðum samskiptum og einelti. Þá kemur fram að það sé góður skólaandi í skólanum.

Nokkrir hópar í 9. og 10.bekk upplifa að með breyttu fyrirkomulagi í íslensku séu þeir sjálfstæðari í námi. Einhverjir ræða að það sé gott jafnvægi milli krefjandi og auðveldari verkefna. Nemendur myndu vilja sjá skóla í Kópavogi bjóða upp á fjölbreyttari námsleiðir. Einnig kemur fram að nemendur á unglingastigi upplifi að kennarar séu ekki alltaf nógu vel undirbúnir í kennslu og að þeir mættu skipuleggja kennslu sína betur svo þeir geti stutt nemendur betur í námi. Einn hópur í 10.bekk upplifir að einhverjir kennarar séu áhugalausir um kennsluna og/eða viðfangsefnið. Einhverjir nemendur í 10.bekk leggja hreinlega til að fjölga skipulagsdögum til að koma til móts við kennara hvað þetta varðar.

Nemendur leggja mikla áherslu á þörf fyrir endurbætur á körfuboltavelli skólans, það mætti setja mjúkt undirlag eins og er t.d. í Smáraskóla. Þetta er nokkuð sem þeir upplifa að þeir hafi ítrekað

bent á og óskað eftir við ýmis tækifæri. Þá benda nemendur einnig á að stólar í kennslustofum styðji oft á tíðum illa við bakið á nemendum og borðin mörg óstöðug.

Nemendur ræða í öllum árgöngum að þeir vilji ekki verða símalaus skóli (án þess þó að færa fyrir því rök eða útskýra nánar).

Einhverjir nemendur myndu vilja að Kópavogur geri breytingar á vetrarleyfum og sé með lengra vetrarfrí og þá stytta sumarfríð á móti (það skipti ekki máli því það sé hvort eð er svo langt).